

Fundargerð 36. fundar

Ungmennaráð 15. mars 2016

Priðjudaginn 15. mars 2016 kl. 19:30 kom ungmennaráð til fundar í Félagsmiðstöðinni Svítunni.

Fundinn sátu: Ragnar Óskarsson, Sandra Dögg Þrastardóttir, Berglind Dan Róbertsdóttir, Sandra Dís Jóhannesdóttir og Adam Freyr Gunnarsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður ráðsins.

Fundargerð ritaði: Valur Rafn Halldórsson

1. Ungt fólk og lýðræði 2016

Farið yfir dagskrá og skipulag ráðstefnunnar sem ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir en einkunnarorð ráðstefnunnar í ár eru „Niður með grímuna - geðheilsa ungmenna á Íslandi.“ Ungmennaráð UMFÍ hefur fengið til liðs við sig fagfólk frá Kvíðameðferðarstöðinni. Áhersla verður lögð á óformlegt nám og virka þátttöku í vinnustofum ráðstefnunnar.

Sandra Dögg, Sandra Dís, Berglind Dan og Adam Freyr munu sitja ráðstefnuna fyrir hönd ungmennaráðs Ölfuss.

2. Bubblebolti

Lögð fram kostnaðartölur við að kaupa bubblebolta.
Samþykkt samhljóða að festa kaup á 10 bubbleboltum.

3. Unglingalandsmót 2018

Lagður fram listi yfir hugsanlegar keppnisgreinar á mótinu sem Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður UMFÍ, tók saman.

Ungmennaráði líst vel á þær keppnisgreinar sem lagt er upp með en leggur til að ungingalandsmótsnefnd ræði hvort bæta megi við borðtennis, surf og bubblebolta.

4. Áhrif ungs fólks – ráðstefna Evrópu ungs fólksins

Formaður gerði grein fyrir ráðstefnunni sem hann sat í febrúar ásamt starfsmanni og íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.

5. Barnasáttmálinn og Barnvæn sveitarfélög.

Formaður og starfsmaður sögðu frá verkefninu Barnvæn sveitarfélög sem kynnt voru á ráðstefnunni Áhrif ungs fólks.

Ungmennaráð Ölfuss hvetur bæjarstjórn til að innleiða barnasáttmálann í sveitarfélaginu en barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi árið 2013. Einnig leggur ungmennaráð til að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga tekur tvö ár og skiptist í 8 skref sem sveitarfélag stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Að tveimur árum liðnum, getur sveitarfélagið svo sótt um viðurkenningu, frá UNICEF á Íslandi. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaráætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir.

6. Ósk um áheyrnarfulltrúa í nefndum sveitarfélagsins

Umræða tekin um mikilvægi þess að rödd ungs fólks fái að heyrast í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Ungmennaráð Ölfuss telur mikilvægt að ráðið eigi áheyrnarfulltrúa í sem flestum fastanefndum sveitarfélagsins. Er þetta þróun sem hefur átt sér stað í öðrum sveitarfélögum og má þar nefna Seltjarnarnesbæ. Hefur þetta fyrirkomulag reynst einkar vel að sögn starfsmanna sveitarfélagsins og fulltrúa í ungmennaráði þess.

Slíkt fyrirkomulag er ekki einungis valdeflandi fyrir ungt fólk heldur einnig mikilvæg reynsla og þekking fyrir fulltrúa ráðsins, sem og mikilvæg tenging fyrir starfandi nefndir sveitarfélagsins við ungt fólk í sveitarfélaginu. Nú þegar á ungmennaráð áheyrnarfulltrúa í íþrótt- og æskulýðsnefnd og leggur ungmennaráð til að næstu skref í þessa átt verði að fá áheyrnarfulltrúa í menningarnefnd og fræðslunefnd. Loka markmiðið verði að ráðið eigi fulltrúa í öllum helstu nefndum sveitarfélagsins.

7. Páskaviðburður ungmennaráðs 2016

Rætt um páskaviðburð ungmennaráðs en það hefur verið eitt af árlegum verkefnum ungmennaráðs.

Ákveðið að standa fyrir Tarzanleik í íþróttahúsinu þriðjudaginn 22. mars 2016. Starfsmanni falið að panta íþróttahúsið. Formanni falið að útbúa auglýsingu til að birta á samfélagsmiðlum.

8. Samstarf ungmennaráða á Suðurlandi og SASS

Starfsmaður gerði grein fyrir fundi sem hann og starfsmaður ungmennaráðs Árborgar áttu með Gunnari Þorgeirssyni, formanni Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi og Þórði Sigurðssyni starfsmanni samtakanna. Á fundinum var rætt um samstarf SASS og ungmennaráða sveitarfélaga á Suðurlandi. Á þeim fundi var ákveðið að SASS myndi halda sameiginlegan viðburð ungmennaráða á Suðurlandi og til að standa undir þeim kostnaði verði sótt um styrk til Evrópu unga fólksins. Ungmennaráð Ölfuss og Árborgar verða starfsmanni SASS innan handar hvað varðar skipulag og dagskrá ráðstefnunnar. Stefnt er að því að sækja um fyrir 26. apríl nk. og halda viðburðinn haustið 2016. Fyrsti undirbúningsfundur ungmennaráðanna verður miðvikudaginn 16. mars nk. í Ráðhúsi Árborgar.

Samþykkt að allir fulltrúar ungmennaráðs sitji fyrsta undirbúningsfund ungmennaráðanna.

Fundi slitið: 20:45